

LÖG UMDÆMA INNER WHEEL

1. Nafn

Nafn umdæmisins er: Inner Wheel - umdæmi númer 136 (Ísland)

2. Stjórnun

Stjórnun umdæmisins er í höndum umdæmisstjórnar

- a) Embættismenn:
Umdæmisstjóri
Vara-umdæmisstjóri
Fráfarandi umdæmisstjóri
Umdæmisritari
Umdæmisgjaldkeri
- b) Ekki í stjórnarembættum en með atkvæðisrétt:
Útbreiðslustjóri eða skipuleggjari, ef kosnir.
Forseti alþjóðaþjónustu eða skipuleggjari.
Ritstjóri.
- c) Fulltrúar klúbba:
Tveir fulltrúar frá hverjum klúbbi eða staðgenglar þeirra, sem fara með atkvæði þeirra.
Kjósa má einn fulltrúa í viðbót frá þeim klúbbum sem eru með 51 félagi eða fleiri.

3. Skilyrði fyrir kjörgengi

Umdæmisstjóri og vara-umdæmisstjóri:

Verða að hafa setið í umdæmisstjórn í að minnsta kosti eitt ár fyrir tilnefningu og verða einnig að hafa verið í stjórn klúbbs í viðkomandi umdæmi. Þeir eiga ekki að vera félagar í sama klúbbi.

Umdæmisritari og umdæmisgjaldkeri:

Verða að hafa setið í umdæmisstjórn í að minnsta kosti eitt ár fyrir tilnefningu.

Útbreiðslustjóri eða skipuleggjari:

Verða að hafa setið sem embættismenn í umdæmisstjórn í að minnsta kosti eitt ár fyrir tilnefningu.

Forseti alþjóðatengsla eða skipuleggjari:

Verður að hafa setið í umdæmisstjórn og einnig að hafa setið í Alþjóðaþjónustustjórn umdæmisins, þar sem slíkar stjórnir eru til, í að minnsta kosti eitt ár fyrir tilnefningu.

Ritstjóri:

Verður að hafa setið í umdæmisstjórn eða að hafa þjónað sem ritari í klúbbi í að minnsta kosti eitt ár fyrir tilnefningu.

Fulltrúar og staðgenglar þeirra: Verða að hafa setið í framkvæmdastjórn þess klúbbs sem þeir eru nú félagar í, í að minnsta kosti eitt ár.

4. Tilnefning og seturéttur í embættum

Hver klúbbur má tilnefna, með samþykki viðkomandi, félagi sem uppfylla skilyrði fyrir eftirfarandi:

Umdæmisstjóri: kosinn til eins árs.

Vara-umdaemisstjóri: kosinn eða kosnir til eins árs.

Umdæmisritari: kosinn árlega en má aðeins sitja í þrjú ár samfleytt.

Umdæmisgjaldkeri: kosinn árlega en má aðeins sitja í þrjú ár samfleytt.

Útbreiðslustjóri eða skipuleggjari: kosinn árlega og má aðeins sitja í þrjú ár samfleytt.

Forseti alþjóðatengsla eða skipuleggjari: kosinn árlega og má aðeins sitja í þrjú ár samfleytt.

Ritstjóri: kosinn árlega og má aðeins sitja í þrjú ár samfleytt.

Tilnefning skal berast skriflega til umdæmisritara ekki síðar en 1. febrúar.

Æskilegt er að stjórn umdæmisins færist árlega milli klúbba umdæmisins. Sá klúbbur sem fara skal umdæmisstjórn tilnefni með samþykki viðkomandi félaga, sem uppfylla skilyrði fyrir kjörgengi, í eftirfarandi embætti, umdæmisstjóra, umdæmisritara og umdæmisgjaldkera
Varaumdaemisstjóri skal tilnefndur af þeim klúbbi er taka skal við umdæminu að ári liðnu.

5. Alþjóðafulltrúi Inner Wheel og fulltrúi. (Stjórnarmaður og fulltrúi)

Tilnefningar:

a) Umdæmisstjórn getur boðið fram með samþykki viðkomandi og verður að senda framboðið skriflega til alþjóðafulltrúa I. W. og má það ekki berast seinna en 31. október.

b) Alþjóðafulltrúinn sendir lista með nöfnum frambjóðenda og stuttri lýsingu á embættum sem þeir hafa þjónað til allra klúbba ásamt atkvæðaseðli og umslagi sem ber að skila fyrir 15. febrúar til hans. Til þess að hafa atkvæðisrétt verða klúbbar að hafa greitt félagsgjöld fyrir 31. október. Hver klúbbur hefur eitt atkvæði.

c) Ábyrgur aðili verður að opna atkvæðaumslögin og telja atkvæðin og niðurstöður verður að senda til Alþjóðaskrifstofu I.W. í Englandi strax.

Skyldur embættismanna

6. Umdæmisstjóri

- a) stjórnar öllum fundum umdæmisstjórnar, og sem aðalframkvæmdastjóri, fylgjast með allri vinnu og framkvæmdum í umdæminu.
 - b) á seturétt í öllum nefndum.
 - c) gera ársskýrslu fyrir umdæmisstjórn.
- Í forföllum tekur varaumdæmisstjóri við embætti.

7. Varaumdæmisstjóri

Varaumdæmisstjóri er staðgengill umdæmisstjóra í fjarveru hans.

8. Umdæmisritari

Umdæmisritara ber að:

- a) senda út fundargerðir ef ástæða er til, rita fundargerðir og skýrslur.
- b) sjá um allar bréfaskriftir.
- c) senda út lista yfir frambjóðendur fyrir febrúarlök.
- d) sitja alla nefndarfundi.

9. Umdæmisgjaldkeri

Umdæmisgjaldkera ber að:

- a) varðveita sjóði umdæmisins
- b) láta umdæmisstjórn í té skýrslu og yfirlit yfir reikninga.

Skyldur stjórnarmeðlima án embætta

10. Útbreiðslustjóri eða skipuleggjari

Útbreiðslustjóra ber að:

- a) vera formaður útbreiðslunefndar ef slík nefnd er kosin.
- b) skipuleggja útbreiðslustarf í umdæminu.

11. Formaður alþjóðþjónustu eða skipuleggjari

Formanni alþjóðþjónustu ber að:

- a) vera formaður alþjóðþjónustunefndar, ef slík nefnd er skipuð.
- b) koma á samskiptum við tengi-klúbba, skipuleggja heimsóknir og hvetja til hagnýtrar þjónustu.
- c) hvetja félagi til að kynnast fólki í öðrum löndum.

12. Ritstjóri

Ritstjóri ber ábyrgð á tímariti umdæmisins eða viðlíka útgáfu.

Forföll

Ef til forfalla kemur í einhverjum ofangreindra embætta nr. 6 til 12, ber umdæmisstjórn að tilnefna fullgildan eftirmann til að ljúka árinu. Ef um er að ræða forföll umdæmisstjóra vísast til greinar 6.

13. Fráfarandi umdæmisumstjóri

Fráfarandi umdæmisstjóri er ekki kjörgengur í umdæmisstjórn í eitt ár eftir setu sem fyrrum umdæmisstjóri.

14. Fulltrúar klúbba

Fulltrúar klúbba fara með umboð sinna klúbba á umdæmisþingi.

Fulltrúar skulu ekki sitja lengur en í þrjú ár samfleytt, nema þeir séu kosnir í framkvæmdastjórn umdæmisins.

15. Fulltrúar á alþjóðþing Inner Wheel

Umdæmisstjórn hefur rétt á að senda einn fulltrúa með atkvæðisrétt.

16. Skyldur umdæmisstjórnar

Umdæmisstjórn ber að:

- a) stjórna frá 1. júlí til 30. júní.
 - b) fylgjast með og samræma vinnu í klúbbum.
 - c) stofna nýja klúbba í umdæminu.
 - d) gera tillögu um árgjald á umdæmisþingi.
 - e) óska eftir tillögum að nýrri stjórn umdæmisins fyrir 31. mars á hvert:
 - 1) Embættismenn umdæmisins
 - 2) Ritstjóra umdæmisins
 - 3) Útbreiðslustjóra
 - 4) Alþjóðþingustjóra
 - 5) Nefndarmenn eftir því sem við á
 - f) kynna tilgang I.W. í umdæminu
 - g) koma á tengslum klúbba í umdæminu
- Umdæmisstjórnin getur tilnefnt embættismenn í .I.W.

17. Fundir umdæmisstjórnar

- a) Umdæmisstjórn skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári og sé sá fundur árlegur aðalfundur. Skal þá halda bæði formót og aðalfund (umdæmisþing). Umdæmisstjórn hverju sinni skal taka ákvörðun um það hvort formót og umdæmisþing Inner Wheel skuli halda sjálfstæð eða í tengslum við Rótaryþing. Umdæmisþing Inner Wheel skulu þó alltaf haldin sjálfstæð þegar Rótaryþing eru haldin á stöðum, þar sem enginn Inner Wheel klúbbur starfar.
- b) Aukafund má kalla saman að beiðni 50% klúbba.

- c) Dagskrárliði þarf að tilkynna til umdæmisritara að minnsta kosti 30 dögum fyrir fund.
- d) Fundarboð með dagskrá ber að senda riturum allra klúbba að minnsta kosti 14 dögum fyrir fund.

18. Atkvæðagreiðsla

- a) Atkvæðagreiðsla við kosningar skal að jafnaði vera skrifleg. Heimilt er stjórn að ákveða að atkvæðagreiðsla við stjórnarkjör skuli fara fran með handauppréttingum, sé aðeins einn listi í framboði til umdæmisstjórnar
- b) Önnur atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu nema skriflegrar atkvæðagreiðslu sé krafist af meirihluta atkvæðabærra fulltrúa á fundinum.
- c) Falli atkvæði að jöfnu hefur umdæmiastjóri úrslitaatkvæði.
Afgreiða má mál bréflega með samþykki umdæmisstjóra; atkvæðagreiðslu er lokið 14 dögum eftir póstlagningu tillögu eða fyrir ef allir félagsmenn hafa skilað inn sínum atkvæðum.
Ákvarðanir sem teknar eru með póstsendum atkvæðum ber að staðfesta á næsta fundi umdæmisstjórnar.
- d) Atkvæðisbærir eru aðeins þeir klúbbar sem greitt hafa gjöld sín.

19. Lögmæti

50% umdæmisstjórnar eða einhverrar annarrar nefndar þarf til að ákvarðanir séu lögmætar.

20. Nefndir

Framkvæmdanefnd:

Embættismenn

Félagar án embættis með atkvæðisrétt.

Félagi má ekki sitja í framkvæmdastjórn umdæmisins í meira en sex ár samfleytt nema hann sé kosin vara-umdæmisstjóri.

Ef einhverjar af eftirfarandi nefndum eru álitnar ónauðsynlegar af umdæmisstjórninni eitt hvert árið, þarf ekki að tilnefna í þær.

Útbreiðslunefnd:

Útbreiðslustjóri

Félagar (ekki fleiri en fjórir) sem verða að hafa verið fulltrúar í umdæmisstjórn í að minnsta kosti eitt ár við tilnefningu.

Alþjóðaþjónustunefnd:

Alþjóðaþjónustustjóri

Félagar (ekki fleiri en fjórir) sem verða að hafa verið fulltrúar í umdæmisstjórn eða alþjóðaþjónustustjórar í sínum klúbbi í að minnsta kosti í eitt ár við tilnefningu.

Félaga í þessum nefndum má kjósa árlega í mest þrjú ár nema ef þeir eru kosnir formenn.

Formenn þessara nefnda má ekki endurkjósa í sömu nefnd í eitt ár eftir að þeir hafa verið formenn.

Aðrar nefndir:

Umdæmisstjórnir geta kosið aðrar nefndir eftir þörfum.

21. Fjármál og endurskoðun

a) Fjárhagsárið er frá 1. júlí til 30. júní.

b) Gjöld.

Hver klúbbur á að greiða í umdæmissjóð fyrir 31. október ár hvert upphæð sem er ákveðin af 2/3 hluta atkvæðisbærra félaga á aðalfundi umdæmisstjórnar. Viðeigandi tillaga skal koma fram í dagskrá.

c) Útgjöld

Útgjöldum sem verða til við starf í umdæminu á að mæta með greiðslum úr sjóðum umdæmisstjórnar.

d) Greiðslur

Greiða ber úr sjóðum umdæmisstjórnar með ávísunum sem undirritaðar eru af umdæmisgjaldkera eða umdæmisstjóra

e) Endurskoðun

Reikninga umdæmisstjórnar ber að endurskoða árlega og afrit send öllum klúbbum